



FUNDARGERÐ

**62. fundur Stjórnar Félags- og skólaþjónustu Rangárvalla- og Vestur Skaftafellssýslu
haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 28. júní 2022 og hófst hann kl. 13:00.**

Fundinn sátu:

Lilja Einarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Haraldur Eiríksson, Einar Freyr Elínarson, Sandra Brá Jóhannsdóttir, Svava Davíðsdóttir og Þórunn Jóna Hauksdóttir.

Fundargerð ritaði: Einar Freyr Elínarson, .

Dagskrá:

- 1. Félags- og skólaþjónusta; Endurskoðun á Stjórnskipulagi og rekstri með tilliti til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 862021 - 2201070**

Formaður kynnti drög að kostnaðarmati vegna breytinga á stjórnskipulagi og rekstri byggðasamlagsins. Einnig voru kynnt lokadrög að breytingum á samþykktum byggðasamlagsins og skipuriti.

Stjórn samþykkir fyrir sitt leyti breytingarnar og vísar þeim til afgreiðslu aðalfundar.

- 2. Skólaþjónustudeild; starfsmannamál - 2205035**

Forstöðumaður skólaþjónustudeildar upplýsir um samtali við skólustjóra á starfssvæðinu fyrir í júní varðandi hugmyndir í tengslum við samning um náms- og starfsráðgjafa í skýjunum. Ákvörðun fundarins var að hver skóli skoði málið innan síns sveitarfélags og niðurstaða liggi fyrir í ágúst um hvernig manna á stöðu náms- og starfsráðgjafa. Stjórn óskar eftir að fá upplýsingar um niðurstöðuna þegar hún liggur fyrir.

- 3. Skólaþjónustudeild; Samningur um fjárhagsþjónustu - 2206090**

Lagt fram til kynningar.

- 4. Félagsþjónustudeild; Ársskýrsla 2021 - 2206091**

Lagt fram til kynningar.

Í lok fundar var rædd tímasetning aðalfundar byggðasamlagsins og stjórn varð sammála um að hann yrði haldinn í Hvolsvelli, fimmtudaginn 7. júlí kl. 13:00.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:10

Lilja Einarsdóttir

Brynja Jóna Jónasdóttir

Haraldur Eiríksson

Einar Freyr Elínarson

Sandra Brá Jóhannsdóttir

Svava Davíðsdóttir

Þórunn Jóna Hauksdóttir